

## **53. fundur Svæðisráðs Suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn í ráðhúsi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 2. ágúst 2017 og hófst kl. 11:00.**

Mættir: Björn Ingi Jónsson, Snævarr Guðmundsson, Hugrún Harpa Reynisdóttir, Þórhildur Ásta Magnúsdóttir, Sigurlaug Gissurardóttir, Helga Árnadóttir og Regína Hreinsdóttir sem ritaði fundargerð.

### **Dagskrá:**

- 1. Friðlýsing þjóðlenda sem hluta af Vatnajökulsþjóðgarði og**
- 2. Friðlýsing jarðarinnar Fells sem hluta af Vatnajökulsþjóðgarði**

Svæðisráð fagnar stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs sem friðlýsing jarðarinnar Fells og þjóðlenda á Breiðamerkursandi hefur í för með sér. Ljóst er að mikil vinna er framundan við gerð skipulags, stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir hið nýja svæði. Ákveðið hefur verið að fara í breytingar á gildandi deiliskipulagi við Jökulsárlón. Svæðisráð leggur mikla áherslu á aðkomu sína að skipulagsvinnunni og óskar eftir að skipulagsráðgjafar komi á næsta fund svæðisráðsins. Svæðisráð telur mjög mikilvægt að hið nýja svæði verði skipulagt sem ein heild með tilliti til náttúruverndar, landslags, dýralífs, atvinnustarfsemi og upplifunar heimamanna og gesta þjóðgarðsins.

Við endurskoðun á deiliskipulagi er afar mikilvægt að hugað verði að öryggismálum ferðamanna á svæðinu, mikilvægt er að byggja upp gönguleiðakerfi og að göngubrú verði byggð yfir Jökulsá.

Svæðisráð telur brýnt að uppbygging á grunni endurskoðaðs deiliskipulags geti hafist á fyrri hluta árs 2018. Ljóst er að uppbygging á svæðinu getur ekki hafist með þeim hraða sem nauðsynlegt er í ljósi mikils ferðamannafjölda á svæðinu. Því telur svæðisráð að þjóða eigi uppbyggingu á svæðinu út með svipuðum hætti og gert var við Fjallsárlón.

Svæðisráð leggur áherslu á að heilsársstarfsmönnum verði fjölgað á suðursvæði vegna þessarar stækkunar og stóraukins fjölda ferðamanna allt árið. Nú er suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs orðið 3708 km<sup>2</sup> og nær yfir 58,79% af sveitarfélaginu Hornafirði.

### **3. Stjórnunar- og verndaráætlun**

Stjórn þjóðgarðsins samþykkti á 108. fundi sínum 17. maí 2017 að gefa svæðisráði leyfi til að hefja vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir jörðina Fell og þjóðlendur við Jökulsárlón, sem nú er búið að friðlýsa. Fundarmenn eru sammála um að það væri þjóðgarðinum í hag að sérfræðingar Nýheima þekkingarseturs og undirstofnana komi að þessari vinnu.

Formaður upplýsti að þegar sé búið að ræða óformlega við Nýheima og unnið sé að tíma- og kostnaðaráætlun vegna þessa verkefnis. Nokkuð ljóst er að um umfangsmikið og kostnaðarsamt verkefni er að ræða.

### **4. Ferðir í íshella veturinn 2017 til 2018**

Helga Árnadóttir fór yfir landvörslu á svæðinu síðasta vetur. Komin eru fram drög að áhættumati fyrir íshella frá Magnúsi Tuma og Finni Pálssyni. Í samþykktari reglugerð liggur fyrir að sérstakt gjald verði innheimt fyrir hvern sem heimsækir íshella.

Svæðisráð telur rétt að boða fyrirtæki í íshellaferðum á fund í byrjun september þar sem kynnt verða drög að áhættumati. Markmið fundarins er að kynna stefnu og ná fram samkomulagi um fyrirkomulag eftirlits og starfsemi næsta vetur.

## 5. Önnur mál

### 1. Húsnæði sem er innan þjóðgarðs eftir stækkun hans.

Um er að ræða salernishús við Hrollaugshóla sem er í eigu sveitarfélagsins Hornafjarðar og bragga á Breiðamerkursandi sem er í eigu Jöklarannsóknarfélags Íslands. Salernishúsið var á sínum tíma reist á vegum ríkis Vatnajökuls með styrk frá ýmsum aðilum og síðar afhent sveitarfélaginu til umsjónar. Svæðisráð hvetur sveitarfélagið til að afhenda Vatnajökulsþjóðgarði húsið og því verði breytt í vatnssalerni. Svæðisráð felur formanni og þjóðgarðsverði að ræða við núverandi eigendur braggans um framtíð hans.

### 2. Þyrlulendingar.

Eftir stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs eru bæði Jökulsárlón og Fjallsárlón komin inn í þjóðgarðs og lending því háð leyfi þjóðgarðsvarðar. Svæðisráð felur þjóðgarðsverði að tilkynna fyrirtækjum sem hafa verið með þyrluferðir á þessa staði að lendingar séu leyfisskyldar. Svæðisráð leggur áherslu á að við val á lendingarstöðum verði lögð áhersla á aðfyllsta öryggis verði gætt við lendingar, þær trufli ekki aðra gesti þjóðgarðsins eða dýralíf og tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða.

Fundi slitið kl. 14:30